

Áhættumat vegna bráðamengunar vegna spilliefnamóttöku Íslenska Gámafélagsins í Gufunesi.


Lýsing á starfsemi

Eins og fram kemur í 13. tl. A liðar I. viðauka laga nr. 3372004 um varnir gegn mengun hafs og stranda fellur meðhöndlun og förgun spilliefna undir starfsemi sem getur valdið bráðamengun á hafi eða ströndum vegna eðlis starfseminnar og/eða nálægðar hennar við sjó. Það skal þó tekið fram að í spilliefnamóttöku Íslenska Gámafélagsins (ÍGF) fer ekki fram förgun á spilliefnum heldur eingöngu meðhöndlun þeirra. Tekið er við þeim, þeim safnað saman þar til að þeim er komið til förgunar af viðurkenndum aðila.

Í samræmi við nógildandi starfsleyfi er ÍGF er fyrirtækinu heimilt að meðhöndla allt að 500 tonn af hvers konar spilliefnum á ári. Einnig er heimiluð meðferð annarra úrgangsflokka, svo sem:

- Sóttmengaður úrgangur
- Rafeindatæki/heimilistæki
- Pappi/pappír/plast
- Hjólbarðar

Íslenska Gámafélagið vinnur samkvæmt gæða- og umhverfisstjórnunarkerfi sem uppfyllir kröfur ISO.



Spilliefna móttakan er staðsett á Gufunesinu í Reykjavík í suðvestur horni húss nr. 21 á mynd af deiliskipulagi hér að ofan. Hjá ÍGF hefur húsinu verið gefið númerið fimm. Nálægð við sjó er mikil, eða um nokkur hundruð metrar.

Fyrirbyggjandi aðgerðir

Þau spilliefni sem helst berast til Íslenska Gámafélagsins eru almenn spilliefni sem koma frá heimilum og gámasvæðum sveitarfélaga. Fyrst og fremst eru þetta spilliefni af heimilum t.d. málningarleifar, límefti, lyfjaleifar, varnarefti og þessháttar. Gerðar eru sérstakar ráðstafanir til að spilliefni safnist ekki upp á svæðinu og sé ávallt komið í viðeigandi farveg svo fljótt sem verða má.

Í spilliefnageymslu ÍGF eru lekahólf sem koma í veg fyrir að leki frá ílátum í geymslu geti mengað umhverfið. Lekki, ef einhver verður, er beislaður í lekahólfum þurrkaður upp með ísogsefnum sem síðan er komið til réttar eyðingar. Þetta kemur í veg fyrir að vökvi eða annað sem fer á gólf geti dreifst um stærra rými en sýnt er á teikningu hér að neðan. Kör eru í lekahólfi sem tekur við ef eitthvað bregst. Þá er lekahólf á vinnusvæðinu þannig að ekkert getur farið þaðan út. Þegar og ef eitthvað lekur niður er það staðbundið og ekki hætt á að það fari beint út í umhverfið.


Að neðan má sjá mynd sem sett er upp af aðstöðu ÍGF. Þar eru lekaheldir kantar allstaðar við opnanleg fög og svo sérstaklega þar sem kör með spilliefnum standa. Verði óhapp er hægt að bregðast við því með ísogsefnum eins og áður hefur komið fram.

Engin fráveita er í húsnæðinu og því er söfnunarþró óþörf. Ef svo ólíklega vildi til að kæmi til leka yrði hann þurrkaður um leið með ísogsefnum.

Eins og sést á teikningu hér að neðan er komið í veg fyrir að leki geti dreift um stærra rými en sýnt er á teikningu hér að neðan. Kör eru í lekahólfi sem tekur við ef eitthvað bregst. Þá er lekahólf á vinnusvæðinu þannig að ekkert getur farið þaðan út. Þegar og ef eitthvað lekur niður er það staðbundið og ekki hætt á að það fari beint út í umhverfið.

Það er mat Íslenska Gámafélagsins að þau efni sem meðhöndluð eru á svæðinu hafi í för með sér afar takmarkaða hættu séu þau hreinsuð upp með viðeigandi hætti og komið í réttan farveg til eyðingar. Þá er í ljósi þess hve lítið er meðhöndlað af efnum hverju sinni óþarfi að hafa safnþró til að taka við miklu magni sem síðan þarf að dæla uppúr og koma til förgunar. Það magn sem rýmið getur tekið við án þess að það fari útfyrir eru um 2,5 m³.

Að neðan má sjá mynd sem sett er upp af aðstöðunni. Þar er gert ráð fyrir lekaheldir kantar eru allstaðar við opnanleg fög og svo sérstaklega þar sem kör með spilliefnum standa. Verði óhapp er hægt að bregðast við því með ísogsefnum eins og áður hefur komið fram.



Reykingar og meðferð elds sé stranglega bönnuð í rýminu, eins og reyndar gildir um allar byggingar ÍGF. Uppróðun á efnum er í samræmi við ADR skilyrði og eru merkingar og skilgreiningar í samræmi við það.

Strangar verklagsreglur í spilliefnamóttökunni koma í veg fyrir bæði umhverfisóhöpp og óhöpp á starfsfólki. Eftirfarandi starfsreglur gilda um spilliefnamóttöku ÍGF:

- Skráningu og móttöku
 - Skráningarkerfi og utanumhald, frágangur.
- Aðbúnað starfsmanna
 - Búnaður, varnir og kennsla.
- Aðstöðu
 - Vinnusvæði og skipulag
- Starfsaðferðir og vinnulag
 - Endurmat á því hvað betur má fara. Rýni stjórnenda.
- Mælinga- og eftirlitsverkefni
 - Mælingar og eftirlit með starfsemi.
- Viðbragðsáætlanir
 - Við óvæntum atburðum og viðbrögð.
- Neyðaráætlanir
 - Viðbrögð við neyðarástandi

Áhættumatsaðferð

Fram kemur í B lið I. viðauka laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda þeir þættir sem taka ber tillit til við mat á mögulegri áhættu af starfseminni fyrir umhverfi hafs og strandar:

1. Magn hættulegra efna sem notuð eru í starfseminni.
2. Eðli og verkan þeirra hættulegu efna sem notuð eru í starfseminni.
3. Fjarlægð starfseminnar frá sjó.
4. Hugsanleg áhrif bráðamengunar, m.a. með tilliti til viðtaka.
5. Aðrar ábyrgðartryggingar og umfang þeirra.

Við matið er notast við skala sem Umhverfisstofnun hefur útbúið til að meta áhættuna.

Tafla 1. Hætta á bráðamengun á mótí líkum á óhappi

Mjög miklar	D	G	I
Miklar	B	E	H
Óverulegar	A	C	F
	Ólíklegt	Frekar ólíklegt	Líklegt

A B C er viðundandi – í lagi

D E F er á gráðu svæði – úrbætur nauðsynlegar

G I H er óviðunandi

Niðurstaða

Eins og fram kemur í lýsingu á starfsemi eru aðallega hættuminni spilliefni frá heimilum sem berast í spilliefnamóttöku ÍGF og er þeim ekki fargað á svæðinu heldur eingöngu tekið á mótí þeim og þeim safnað og komið svo til viðurkenndra aðila til förgunar. Í samræmi við nógildandi starfsleyfi er magn spilliefna sem leyfilegt er að meðhöndla 500 tonn á ári og mun ÍGF ekki fara fram á að meðhöndla meira magn að svo stöddu. Magnið af spilliefnum sem meðhöndluð á svæðinu er því lítið. Ólíklegt er að verði leki en mengunarvarnir eru byggðar upp þannig að þær ná að koma í veg fyrir að leki út fyrir spilliefnamóttökuna. Engin fráveita er frá móttökunni og því er engin hætta á að spilliefni berist út fyrir mengunarvarnir þar sem magn spilliefna í móttökunni er aldrei meira en mengunarvarnirnar ná að halda. Því er ólíklegt að óhapp verði og telja verður ólíklegt að hætta á bráðamengun verði.

Í samræmi við töflu 1. yrði hættan á bráðamengun frá spilliefnamóttökunni á mótí líkum á óhappi þar, alltaf ólíklegt og bráðamengun óveruleg.